

Morgunblaðið/KGA.

Forsvarsmenn Vímulausrar æsku taka við eintaki hljómplötunnar úr hendi Jóns Gústafssonar.

Hljómplata til styrktar Vímulausri æsku

Samtök tónlistarmanna, sem nefna sig Tónlistarmenn fyrir vímulausa æsku, kynntu plötu sem gefin er út til styrktar Vímulausri æsku á blaðamannafundi á Hlemmtorgi í gær.

Allir tónlistarmenn á plötunni hafa gefið vinnu sína en þeir eru Ragnhildur Gísladóttir, Axel Einarsson, Eiríkur Hauksson, Pálmi Gunarsson, Magnús Þór Sigmundsson og Bjarni Tryggvason og hljómsveitirnar Síðan skein sól, Cosa Nostra, Sonus Futurae, Art, Ef til vill og Ríó Tríó. Á plötunni eru tólf lög.

Hagnaður af sölu plötunnar rennur til samtakanna Vímulaus æska. Útgáfustjórn önnuðust þeir Jón Gústafsson og Herbert Guðmundsson.



Herbert Guðmundsson tók lagið fyrir viðstadda.

Breyttur afgreiðslutími póst- og símstöðva

FRÁ 15. maí breytist afgreiðslutími póst- og símstöðva á höfuðborgarsvæðinu. Þessi afgreiðslutími er til reynslu og gildir til 1. október.

Á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum verður opið frá kl. 8.30—16.30 en þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 8.30—17.30.

Afgreiðslutími pósthússins í Umferðarmiðstöðinni, R-6, verður með sama hætti og áður, virka daga frá kl. 8.00—19.30 og laugardaga kl. 8.00—15.00.

Flokkur mannsins:

Fundaherferð með yfirskriftinni „Við erum rétt að byrja“

FLOKKUR mannsins heldur fund í Tónabíói laugardaginn 16. maí kl. 14.00 með þeim sem eru fylgjandi stefnu flokksins. Efni fundarins verður að leggja drög að framtíðarstarfi flokksins og hvernig hægt verði að stuðla að því að flokkurinn fái fulltrúa á þing í næstu kosningum.

Fundurinn sem haldinn er í Tónabíói er upphaf fundaherferðar sem verður um allt land í sumar á vegum flokksins og munu þeir allir bera yfirskriftina „Við erum rétt að byrja“.



Morgunblaðið/Jón Sig.

Rækjunni skipað upp úr rækjutogaranum Nökkva á Blönduósi sl. sunnudag.

Blönduós:

70 tonnum af rækju landað úr Nökkva

Blönduósi.

NÖKKVI, hinn nýi rækjutogari Blönduósinga, kom úr sinni þriðju veiðiferð á laugardaginn 9. maí. Aflinn í þessari veiðiferð var 70 tonn eftir 19 daga úthald og var flokkunin á rækjunni góð því um 30% af aflanum fór í verðmesta flokkinn.

Nökkvi er búinn að veiða um 225 tonn af rækju frá því skipið hóf veiðar 1. mars sl. Að sögn Guðmundar Ingþórssonar, útgerðarstjóra Nökkva, eru menn ánægðir með útgerð skipsins og engin stórkostleg vandamál hafa skotið upp kollinum. Rækjutogarinn Nökkvi hélt í sína fjórðu veiðiferð á mánudagskvöldið.

— Jón Sig.

Félagsstarf Sjálfstæðisflokksins

Ísafjörður

Stjórn fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna á Ísafirði boða til bæjarmálafundar þriðjudaginn 19. maí kl. 20.15 í Hafnarstræti 12, 2. hæð.
Dagskrá:
Reikningar bæjarsjóðs Ísafjarðar fyrir árið 1986.

Stjórnin.

Kosningaspjall Sjálfstæðisflokksins á Suðurlandi


Sjálfstæðisfélögin á Suðurlandi boða til spjallfundar fyrir stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins til þess að ræða úrslit Alþingiskosninganna og starfið framundan.
Fundurinn verður haldinn í Hótel Selfossi nk. sunnudag 17. maí kl. 15.30. Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins eru hvattir til þess að mæta og ræða málin. Þingmenn flokksins mæta á fundinn. Kaffiveitingar.

Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins.

Vörður S.U.S. Akureyri

Opinn fundur verður haldinn í Kaupangi við Mýrarveg sunnudaginn 17. maí kl. 14.00.
Dagskrá fundarins:
1. Kosning fulltrúa á S.U.S.-þing.
2. Önnur mál.
Félagar eru hvattir til að mæta.

Stjórnin.



Níels Hafstein á vinnustofu sinni.

Níels Hafstein sýnir á Kjarvalsstöðum

OPNUÐ verður í dag, 16. maí, kl. 14.00 á Kjarvalsstöðum sýning á verkum eftir Níels Hafstein og ber hún yfirskriftina Svartir og gylltir hestar.

Sýningin er byggð á minnum úr þjóðsögum, goðfræði, kristinni trú, hernaði, ævintýrum og skáldskap og fjallar um líf og hreyfingu, kyrrð og dauða.

Á sýningunni eru skúlptúrar úr tré og stáli, ísaumað klæði, útklippt og grafið látún, og fylgir hverju verki stuttur texti.

Sýningu Níelsar Hafstein lýkur annan í hvítasunnu.

Ívar Valgarðsson sýnir skúlptúra

OPNUÐ verður í dag, 16. maí, kl. 14.00 á Kjarvalsstöðum sýning á verkum eftir Ívar Valgarðsson.

Á sýningunni eru fjórir skúlptúrar úr steinsteypu og veggmyndir málaðar á tré og stál.

Sýningu Ívars Valgarðssonar lýkur á annan í hvítasunnu.

Vottar Jehóva halda mót

UM helgina halda söfnuðir votta Jehóva á suðvesturhorni landsins tveggja daga mót í húsakynnum Fjölbrautaskólans í Breiðholti við Austurberg.

Mótið hefst kl. 9.55 í dag, 16. maí, og verður dagskráin alls um 8 klukkustunda löng. Fjallað verður um algeng dagleg vandamál kristins manns í heimi nútímans og ráð Biblíunnar við þeim. Aðalræðu mótsins flytur Bjarni Jónsson á sunnudag og nefnist hún: „Þú getur lifað friðsælu lífi núna.“ Öllum er heimill aðgangur.

(Fréttatilkynning)